

Alþingi
Erindi nr. P 135/1819
komudagur. 14.3.2008



NEYTENDASTOFA

Alþingi
Selma Hafliðadóttir
Kirkjustræti
150 Reykjavík - stofnanir

Reykjavík, 10.03.2008
Tilv. 2008/0205 - 0.0.01
TA


Efni: Tillaga um lagabreytingu - innleiðing tilskipunar 2005/29/EB um óréttmæta viðskiptahætti

Í umsögn Neytendastofu dags. 29. febrúar s.l. um frumvarp til laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, nr. 57/2005, með síðari breytingum, sbr. 362. mál, var gerð tillaga um orðalagsbreytingar á 3 gr. frumvarpsins. Í framangreindri umsögn láðist hins vegar að benda á að samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2005/29/EB er einnig breytt ákvæðum annarra tilskipana eins og nafn hennar gefur til kynna. Í 16. gr. (2) tilskipunarinnar er ákvæði um breytingu á viðauka við Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 frá 27. október 2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd (reglugerð um samvinnu um neytendavernd). Framangreind Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2006/2004 var innleidd hér á landi með lögum nr. 56/2007 um samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd. Í viðauka við framngreind lög nr. 56/2007 er að finna upptalningu á þeim reglugerðum og tilskipunum sem falla undir a-lið 3. gr. laganna.

Ljóst er að við innleiðingu nú á ákvæðum tilskipunar 2005/29/EB um óréttmæta viðskiptahætti er nauðsynlegt að breyta einnig ákvæðum laga nr. 56/2007 á þann veg að nýr liður, sem verði 16. liður viðaukans bætist við lögin, sem orðist svo:

„16. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum.“

Virðingarfyllst
f.h. Neytendastofu


Tryggvi Axelsson
Forstjóri


Þórunn Anna Árnadóttir
Sviðsstjóri